FERLI STJÓRNSÝSLUÚTTEKTA RÍKISENDURSKOÐUNAR



1. Stjórn endur stjórnsýslusviðs ákveða forkönnun með samþykki ríkisendurskoðanda. Úttektarteymi (sérfræðingur og deildarstjóri) valið. Viðkomandi aðilum (ráðuneyti / stofnun) send tilkynning um forkönnun.
2. Úttektarteymi aflar gagna, metur ávinning aðalúttektar og skilar sviðsstjóra: a) minnisblaði um niðurstöður forkönnunar, b) endurskoðunaráætlun sé mælt með aðalúttekt.
3. Stjórn endur ákveða framhaldið með samþykki ríkisendurskoðanda:

3a. Að hefja aðalúttekt. Afmörkun og endurskoðunaráætlun staðfest. Viðkomandi aðilum send tilkynning um aðalúttekt og minnisblað um niðurstöður forkönnunar til umsagnar. Lýsing verkefnis sett á ytri vef.

3b. Að hefja ekki aðalúttekt sé væntur ávinningur lítill eða að fresta henni sé hún ekki tímabær. Viðkomandi aðilum tilkynnt um ákvörðunina. Niðurstöður birtar í minnisblaði eða stuttri skýrslu.

4a. Sérfræðingur vinnur úr gögnum og semur skýrslu skv. áætlun og afmörkun / breyttri áætlun og afmörkun. Deildarstjóri fylgist með framvindunni og fer reglulega yfir fyrirliggjandi skýrsludrög. Slíkt getur leitt til 4b.

4b. Úttekt er hætt / frestað, t.d. ef aðstæður breytast eða nýjar upplýsingar koma fram. Niðurstöður birtar í minnisblaði eða stuttri skýrslu.

5. Sviðsstjóri samþykkir að skýrsludrög fari í gæðarýni innanhúss. Gæðarýnar, tveir starfsmenn, fara yfir drögin á rýnifundi með úttektaraðilum og sviðsstjóra. Ríkisendurskoðandi les drögin einnig yfir.
6. Úttektarteymi fer yfir athugasemdir gæðarýna og býr drög til umsagnar utanhúss. Sviðsstjóri og ríkisendurskoðandi samþykkja þau.
7. Skýrsludrög send stofnun, ráðuneyti og hagsmunaaðilum með beiðni um skriflegar athugsemdir og viðbrögð við ábendingum innan tiltekins tíma.
8. Úttektaraðilar fara yfir athugasemdir umsagnaraðila og búa skýrslu til útgáfu í samráði við sviðsstjóra. Upplýsingafulltrúi fer yfir skýrsludrögin.
9. Sviðsstjóri og ríkisendurskoðandi samþykkja endanlega skýrslu til útgáfu. Upplýsingafulltrúi útbýr frétt á vef.
10. Skýrsla birt á heimasíðu Ríkisendurskoðunar. Alþingi og viðkomandi ráðuneyti og stofnun upplýst um það. Skýrsla kynnt Alþingi.
11. Sviðsstjóri, deildarstjóri og sérfræðingur fara yfir framgang verkefnis, hvað gekk vel og hvað miður og hvaða lærdóm má draga af þessu.

12. Eftirfylgni: Viðbrögð við ábendingum skýrslu könnuð þremur árum eftir útgáfu hennar. Viðkomandi aðilum (ráðuneyti / stofnun) tilkynnt um eftirfylgni og óskað eftir upplýsingum um afdrif ábendinganna.

13. Skýrsla um eftirfylgni unnin, gæðarýnd innanhúss, send í ytri umsögn og birt á heimasíðu Ríkisendurskoðunar. Alþingi og viðkomandi ráðuneyti/stofnun upplýst um það. Skýrslan kynnt Alþingi.

Nóvember 2017